

---

# VEFLEIÐANGRAR

Vefleiðangrar tengjast ekki neinni einni kennsluáðferð en byggja þó að einhverju leyti á *hugsmíðakennningum* þar sem nemandinn notar Netið til að afla sér þekkingar á skipulagðan hátt. Vefleiðangrar eru aðferð til að leiða nemandann í gegnum ákveðið efni og fá hann til að vinna á virkan hátt með efnið á Netinu. Nemendur vinna í vefleiðangra með efni á Netinu sem kennarinn hefur tekið til og skipulagt fyrir þá en þó ekki á þann hátt að það dragi úr virkni þeirra. Vel saminn vefleiðangur getur verið lifandi og skemmtilegt verkefni fyrir nemendur sem getur vakið áhuga þeirra á efniinu en einnig á Netinu sem upplýsingamiðils.

Hægt er að leggja fyrir vefleiðangra í kennslustund ef aðgangur að tölvum er greiður en einnig getur leiðangurinn verið heimaverkefni. Oftast eru vefleiðangrar unnir í hópvinnu en geta þó verið einstaklingsverkefni og hægt er að nýta þá til að vinna ákveðin þemaverkefni og samþætta þannig námsgreinar.

## **Algengt er að skipta vefleiðöngurum í þrjá flokka:**

- ◇ **Leitarnám** þar sem flest allt af því sem nemandinn á að kynna sér er á Netinu.
- ◇ **Styttri vefleiðangrar** þar sem nemendur safna gögnum og vinna úr þeim í 1 - 3 kennslustund.
- ◇ **Langtíma vefleiðangrar** þar sem nemendur leita að nýrri þekkingu, greina hana og vinna úr henni þannig að úr verði ný afurð.

Vinna kennaranna felst í að útbúa heppilegt verkefni, finna góðar vefslóðir og setja síðan upp á vefsíðu. Vefleiðangrar eru settir upp eftir ákveðnu kerfi og eru helstu atriði eftirfarandi:

1. **Kynning:** Hér þarf að geta markmiða og skilgreina hlutverk nemandans.

- 
2. **Verkefni:** Hér er verkefnið útskýrt og gert grein fyrir hver lokaafurðin á að vera.
  3. **Ferli:** Kennarinn gerir tillögu að hvernig verkefnið er unnið og getur skipt því upp í minni einingar. Þeir sem aðhyllast verkefnmiðað nám (problem based learning) draga úr þessum hluta og láta í staðinn nemendur um að skilgreina verkefnið nánar og skipta því upp í vinnuþætti.
  4. **Bjargir:** Hér leggur kennarinn fram krækjur á vefsíður sem hann telur að nýtist nemendum og getur látið fylgja smá kynning á síðunum ef tilefni er til. Hér má auðvitað hvetja nemendur til að leita á eigin spýtur.
  5. **Mat:** Það þarf að vera skýrt eftir hverju verkefni er metið og má gjarnan fylgja gátlisti.
  6. **Niðurstöður:** Hér draga nemendur saman hvað verkefnið kenndi þeim og hvað þeir vildu vita meira um efnið.
  7. **Upplýsingar og heimildir:** Ekki má gleyma að geta heimilda og þarf að ítreka við nemendur að efni á netinu fellur undir höfundaréttarlög.

Fyrir þá sem vilja kynna sér frekar vefleiðangra þá má benda á vef Salvarar Gissurardóttur (<http://www.ismennt.is/vefir/ari/banki/>) en þar er hægt að nálgast tilbúin skjöl til að setja upp vefleiðangra. Torfi Hjartarson ([web.khi.is/~torfi/snid/kennsnid.htm](http://web.khi.is/~torfi/snid/kennsnid.htm)), Lára Stefánsdóttir ([www.lara.is/](http://www.lara.is/)) og Þórunn Óskarsdóttir ([www.simnet.is/fjarkennsla/WebQuest/](http://www.simnet.is/fjarkennsla/WebQuest/)) hafa einnig sett upp vefsíður um vefleiðangra sem gott er að skoða. Það er um að gera að ná í þau *form* sem sett hafa verið upp fyrir vefleiðangra og fylla síðan inn í með eigin efni eða láta nemendur sjálfa útbúa vefleiðangra. *Vefrallýið* er á svipuðum nótum en þá er keppni í hver er fyrstur að finna svörin við ákveðnum spurningum.